

**548. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 14.
nóvember 2019
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Einir Steinn Björnsson (ESB) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Oddviti setur og fund og leitar eftir athugasemdum, svo er ekki. Óskað eftir að bæta eftirfarandi inn á dagskrá Mál 1910532 verði nr. 15, 910530 verði nr. 18 og 1910528 verði nr. 19 og færast önnur mál eftir því. Samþykkt samhljóða

1. Fundargerðir 2019 samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps 2019 - 1909263

Fundargerð 54. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar tekin fyrir og samþykkt samhljóða

2. Fundargerðir 2019 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 1902436

Fundargerðir 123. fundar og 124. fundar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða teknar fyrir og samþykkt samhljóða

3. Fundargerðir 2019 samráðsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands - 1909147

Fundargerð 2. fundar Samráðsnefndar Fiskistofu og Hafnarsambandsins tekin fyrir og samþykkt samhljóða.

4. Fundargerðir 2019 Ársreikningur og Ársskýrsla 2018 Náttúrustofa Vestfjarða - 1902512

Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða nr. 124 og 125 lagðar fyrir og samþykktar samhljóða.

5. Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330

Fundargerð nr. 416 hjá Hafnarsambandi Íslands tekin fyrir og samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir 2019 Samband íslenskra sveitarfélaga Ársskýrsla 2018 - 1901337

Fundargerð nr. 875 hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga tekin fyrir og samþykkt samhljóða.

7. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 43 - 1910002F

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð nefndarinnar, liðir 1, 3, 6, 7, 11 eru samþykktir sérstaklega.

- 7.1 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að skipulags- og matslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr.123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulags- og matslýsing verði tekin til meðferðar í samræmi við 40. gr. í VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða
- 7.2 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
Lagt fram til kynningar.
- 7.3 1712033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga.
Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir áorðnar breytingar og beinir því til sveitarstjórnar að aðalskipulagsbreytingin verði send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða
- 7.4 1801040 - Vatn Krafa um úrbætur vegna kaldvatnsinntaks
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að teikna upp lagnaleið, gerð verðkönnunar og kostnaðaráætlunar í samstarfi við sveitarstjóra og formann.
- 7.5 1906374 - Fasteignamat 2020
Lagt fram til kynningar.
- 7.6 1902411 - Breyting á aðalskipulagi
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að skipulags- og matslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr.123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulags- og matslýsing verði tekin til meðferðar í samræmi við 30. gr. í VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða
- 7.7 1909262 - Lækkun hámarkshraða í þéttbýli Tálknafjarðar
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hámarkshraði um Strandgötu sé 50 km/klst, aðrar götur og hafnarvæði verði með 30 km/klst.
Samþykkt samhljóða
- 7.8 1909269 - Úttekt á slökkviliði Tálknafjarðar 2019
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að hringtengja vatnslagnir í götum til að tryggja nægt vatn að brunahönum, samhliða því að leggja af vatnsbólið í Geitá. Einungis verði því um eitt vatnsból að ræða, í Hrafnadal. Farið verði í þessa framkvæmd samhliða vatnslögn fyrir Strandgötu 2-22.
- 7.9 1909251 - Sveinseyri Ytri
Lagt fram til kynningar.
- 7.10 1909286 - Neysluvatnssýni 27.08.2019
Lagt fram til kynningar.

- 7.11 1910423 - Ósk um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hafna erindinu því ekki er æskilegt að minnka hafnarsvæðið.
Sveitarstjórn tekur undir niðurstöðu nefndarinnar og hafnar erindinu.
- 7.12 1910428 - Reglugerð fyrir hitaveitu Tálknafjarðarhrepps
Lagt fram til kynningar.
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að settir verði upp rennslismælur á þá staði sem nýta vatn úr hitaveitunni til að vita hversu mikið vatn er nýtt og í framhaldinu hversu mikið er til afnota fyrir aðra notendur komi til sölu á heitu vatni.
- 7.13 1905001 - 20 m³ olíutankur í Norður Botni
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út stöðuleyfi til eins árs.
- 7.14 1811017 - Stöðuleyfi gáma
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur bæjarstjóra að auglýsa á heimasíðu sveitarfélagsins að sækja þurfi um stöðuleyfi fyrir gáma og báta sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

8. Fræðslu-,menningar-,íþróttta-, æskulýðsnefnd - 33 - 1910003F

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð nefndarinnar

- 8.1 1911576 - Starfsmannamál Íþróttamiðstöð
- 8.2 1910530 - Gjaldskrá 2020 Íþróttamiðstöð
Nefndin leggur til að gjaldskrá hækki um 2,5% eins og lífskjarasamningur segir til um, íbúaaafsláttur verði afnuminn. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að semja sérstaklega við íþróttakennara vegna hópatíma með það að markmiði að ábyrgð á þeim verði ekki á ábyrgð íþróttamiðstöðvar.
- 8.3 1911595 - Fjárhagsáætlun íþróttamiðstöð 2020
Nefndin hvetur sveitarstjórn til að leita leiða til að hagræða í rekstri íþróttamiðstöðvar en haldi eftir megni því þjónustuframboði sem er. Nefndin leggur áherslu að útgjöld verði í lágmarki.
- 8.4 1910541 - Fjárhagsáætlun 2020 FMÍP nefnd
Samþykkt án athugasemda
- 8.5 1910529 - Gjaldskrá 2020 Bókasafn
Samþykkt samhljóða
- 8.6 1910528 - Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli
Nefndin leggur til 2,5% hækkun á gjaldskrá Tónlistarskólans, systkinaafsláttur verði 40%-70%-100%, fella niður frá 17 ára og uppúr. Nefndin leggur til 2,5% hækkun á gjaldskrá Tálknafjarðaskóla
Nefndin tekur undir hugmyndir um gjaldfrjálsa fyrstu 6 klukkutíma í leikskóla.
Systkinaafsláttur leikskóla verði 30%-60%-100%
Afsláttur fyrir einstæða foreldra verði 35% og námsmenn verði 25%
- Samræma þarf verð á morgunmat leikskóla og grunnskóla

- 8.7 1910440 - Tendrun jólaljósa
Formaður nefndar tekur að sér að ræsa gleðskapinn. Samþykkt samhljóða
- 8.8 1910490 - Bréf um markmið og viðmið um starf frístundaheimila
Samþykkt samhljóða
- 8.9 1909266 - Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla 2019-2020
Nefndin hrósar skólastjóra fyrir góða starfsáætlun.
- 8.10 1910355 - Umsókn um ytra mat á leikskólum fyrir árið 2020
Nefndin telur að of snemmt sé að fara í ytra mat á leikskólanum þennan veturinn. Samþykkt samhljóða
- 8.11 1905105 - Stefnumótun í íþróttamálum 2019-2030
- 8.12 1908004 - Stefnumótun menningarmála 2019-2022
- 8.13 1908006 - Stefnumótun æskulýðsmála 2019-2022
- 8.14 1906312 - Upplýsingagjöf skólastjóra
- 8.15 1910511 - Dagur íslenskrar tungu 16 nóv
Haldin verður íslenskuhátið í skólanum og eldri borgurum sveitarfélagsins sérstaklega boðið.
- 8.16 1910368 - Skólaþing sveitarfélaga 2019
- 8.17 1910487 - Til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður),
230. mál.
Í Tálknafjarðarskóla hafa nemendur um árabíl fengið ritföng án endurgjalds.

9. Fæðingarorlof - 1911604

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir óskar eftir leyfir frá störfum í sveitarstjórn frá 10. nóvember 2019 - 1. mars 2020 vegna fæðingarorlofs. Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða og óskar Ingibjörgu góðs gengis.

10. Ósk um niðurfellingu á gjaldi - 1911596

Svanur Jóhannesson óskar fyrir hönd útgerðarinnar Amilín ehf eftir niðurfellingu á stöðugjalds vegna báts í eigu Amilín sem stóð á hafnarsvæðinu á síðasta ár. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

11. Gjaldskrá 2020 Útvarsprósenta - 1910533

Lagt er til við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2020 að útvarsprósenta sveitarfélagsins verði óbreytt 14,52%, samþykkt samhljóða.

12. Gjaldskrá 2020 Þjónustumiðstöð - Vinnuskóli - 1910537

Lagt er til að gjaldskrá Þjónustumiðstöðvar og vinnuskóla verði óbreytt. Samþykkt samhljóða.

13. Gjaldskrá 2020 Gámavöllur - 1910540

Sveitarstjórn samþykkir að hækka gjaldskrá Gámavallar um 2,5%, samþykkt samhljóða.

14. Gjaldskrá 2020 Vatnsveita - 1910539

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir að gjaldskrá Vatnsveitu vegna ársins 2020 verði óbreytt frá 2019. Samþykkt samhljóða

15. Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarhöfn - 1910532

Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi gjaldskrá fyrir Tálknafjarðarhöfn, hækkun er um það bil 2,5% á gjaldaliðum nema geymslugjald á hafnarsvæðinu sem hækkar í 200 kr.fm. Meltu bætt inn í upptalningu 1. fl. í vörugjöldum Samþykkt samhljóða

16. Gjaldskrá 2020 Félagsþjónusta - 1910538

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir að hækka gjaldskrá vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins um 2,5%. Samþykkt samhljóða

17. Gjaldskrá 2020 Fasteignaskattur - 1910536

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá fasteignagjalda verði óbreytt frá árinu 2019 þó með eftirfarandi breytingum:

Sorphreinsunargjald, íbúðir verði 20.500, var 20.000 á hvert sorpílát, 2,5% hækkun.

Sorpeyðingargjald, íbúðir verði 33.300, var 32.500 á hvert sorpílát, 2,5% hækkun.

Umhverfisgjald, sumarhús, lögbyli, verði 33.300, var 32.500, 2,5% hækkun.

Samþykkt samhljóða

18. Gjaldskrá 2020 Íþróttamiðstöð - 1910530

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir meðfylgjandi gjaldskrá

Íþróttamiðstöðvar, hækkun gjaldskrárinnar vegna aðgangs að sundlaug og tækjasal er frá 3-6 prósent en gjaldskrá vegna hópatíma með þjálfara hækkar umtalsvert.

Sömuleiðis samþykkir sveitarstjórn að fella niður íbúaaflátt af árskortum í sund og tækjasal. Samþykkt samhljóða með 4 atkvæðum, BG situr hjá.

19. Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli - 1910528

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir meðfylgjandi gjaldskrá. Almenn er gjaldskrá að hækka frá 2,6-3,2 prósent. Systkinaafsláttur í Tónlistarskóla fer úr 50%-75%-100% yfir í 40%-70%-100% eftir barnafjölda og systkinaafsláttur í leikskóla fer úr 50%-75%-100% yfir í 30%-60%-100% eftir barnafjölda. Afsláttur í leikskóla fyrir einstæða foreldra fer úr 50% og í 35% og afsláttur námsmanna úr 30% í 25%. Samþykkt samhljóða

Viðamesta breytingin á gjaldskrá Tálknafjarðarskóla er gjaldfrír 6 klukkustunda leikskóli. Samþykkt með 4 atkvæðum, LM greiðir atkvæði á móti og leggur fram eftirfarandi bókun.

Bókun E-listans:

E-listinn mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun meirihluta sveitarstjórnar að ætla að hafa fyrstu sex klukkutíma á dag af leikskóladvöl barna gjaldfrjálsa. Brýn nauðsyn er til að halda vel utan um allar mögulegar tekjuleiðir sveitarfélagsins þar sem ljóst er að sveitarfélagið mun eiga erfitt með að standa straum af lögbundinni þjónustu við íbúa þess eins og fjárhagsstaða þess er í dag. E-listinn er algjörlega á móti lækku tekjustofna hverjir sem þeir eru og greiðir atkvæði gegn þessari gjaldskrá. Lilja Magnúsdóttir

20. Gjaldskrá 2020 Tjaldsvæði - 1910531

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir óbreytta gjaldskrá Tjaldsvæðis fyrir árið 2020. Samþykkt með 4 atkvæðum, BG situr hjá.

21. Gjaldskrá 2020 Fráveita - 1910535

Málinu frestað til næsta fundar, samþykkt samhljóða

22. Fjárhagsáætlun MEÓ 2020 - kostnaðaráætlun og forgagnsröðun - 1911585

Lögð er fram kostnaðaráætlun vegna viðhalds fasteigna Minjasafns Egils Ólafsson, óskað er eftir viðbótarframlaga eigenda kr. 4.000.000,- vegna framkvæmda árið 2020. Þar af er hlutur Tálknafjarðarhrepps 1.000.000,- Samþykkt samhljóða

23. Gjaldskrá 2020 og samþykktir gæludýr - 1910534

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrár og samþykktir fyrir hunda- og kattahald séu sameinaðar og að ekki verði hækkun á gjöldum. Samþykkt samhljóða

24. Fjárhagsáætlun 2020 - 1908014

Lögð er fram til fyrri umræðu, tillaga að fjárhagsáætlun 2020

Breytingartillögum við seinni umræðu skal skilað til sveitarstjóra, Strandgötu 38 fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 26. nóvember n.k. Breytingartillögur verða ræddar á vinnufundi sveitarstjórnar þriðjudaginn 3. desember kl. 17:00

Sveitarstjórn vísar tillögu að fjárhagsáætlun 2019 ásamt gjaldskrá til seinni umræðu sem verður fimmtudaginn 12. desember kl. 18:00 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38. Samþykkt samhljóða

25. Yfirfærsla Tálknafjarðarveggar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps - 1911581

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 með síðari breytingum er sveitarfélaginu skylt að yfirtaka rekstur Tálknafjarðarveggar (617-02). Sveitarstjórn mótmælir harðlega framkomu ríkisvalds og Vegagerðar í þessu máli og krefst þess að fjármunir fylgi til sveitarfélagsins við yfirtöku Tálknafjarðarveggar svo standa megi straum af þjónustu við hann. Vegagerðin hefur lýst yfir vilja til að endubæta veginn á árinu 2020 og skila honum til sveitarfélagsins í fullri breidd að meðtöldum öryggisvæðum og með varanlegu slitlegi (malbik).

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir við Samgönguráðuneyti og Vegagerð. Samþykkt samhljóða

26. Styrkur umsókn um styrk - 1910485

Ungmennafélag Tálknafjarðar óskar eftir styrk að upphæð kr. 300.000,- Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum, BShar situr hjá.

27. Beiðni um styrk 2019 frá Sögufélagi Barðastrandasýslu - 1902348

Sögufélag Barðastrandasýslu sækir um styrk að upphæð kr. 60.000,- vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu. LM lýsir sig vanhæfa til ákvörðunartöku. Styrkurinn samþykktur með 3 atkvæðum, ESB situr hjá.

28. Hjallastefnan, framlag til Brúar - 1811108

Sveitarstjórn samþykkir að greiða Brú lífeyrissjóði kr. 2.420.092 ásamt áföllunum vöxtum og felur sveitarstjóra að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2019 og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Samþykkt samhljóða

29. Ný bifreið Áhaldahús - 1910523

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að leita eftir tilboðum í nýja bifreið fyrir þjónustumiðstöð Tálknafjarðarhrepps en mikið viðhald er á núverandi ökutæki. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða

30. Fjarbeiðni Stígamóta fyrir árið 2020 - 1910434

Stígamót óskar stuðningi til að reka þjónustu félagsins við fórnarlömb heimilisofbeldis. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða ekki við erindinu að þessu sinni.

31. Persónuverndarstefna og fulltrúi Tálknafjarðarhrepps - 1910421

Þar sem enn er verið að vinna úr aðsendum gögnum er málinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða

32. Útboð á sorphirðu - 1910474

Í samstarfi við Vesturbyggð hefur Tækniþjónustu Vestfjarða verið falið að sjá um mat á leiðum og kostnaði við sorphirðun í sveitarfélögunum og umsjón með útboði í kjölfarið. Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi samning samhljóða.

Til upplýsinga.

Á 530. fundi sveitarstjórnar 14. september 2018 var oddvita falið að leita eftir samstarfi við Vesturbyggð um sorphirðumál og Bjarnveig sendi bréf þess efnis. Það hefur leitt til þessa samnings.

GÓ tekur við stjórn fundarins.

33. Viðauki VI Íþróttamiðstöð - 1911612

Lagður er fram viðauki vegna reksturs íþróttamiðstöðvar. Tekjur eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir um tæpar 5M. Útgjöld eru hærri um 10,6M. Áhrif viðaukans eru hærri rekstrargjöld um kr. 5.766.912,- og færast af handbæru fé.

Bókun BG

Laun: Samningsbundnar launahækkanir starfsmanna sem greiddar eru voru frá 1. janúar voru 1,5 og 1,7% eftir því í hvaða stéttarfélag þeir greiddu. Sumarstarfsfólk var menntaðra en áður og þess vegna í hærri launaflokkum. Sérstök eingreiðsla 42.500,- greidd fyrir fullt starf hjá þeim sem starfandi höfðu verið mánuðina des-jan. (samningsbundið). Auk þess voru fleiri kallaðir til vegna mikils fjölda gesta. Einnig hækkaði sveitarstjóri laun forstöðumanns án þess að farið væri fram á það og hefur forstöðumaður beðið um að hækkanin verði bakfærð. Ekki má gleyma því að laun vegna funda sem oddviti sækir á vegum sveitarfélagsins innan hérðas og utan hafa verið færð á íþróttahúsið.

Aðeins meira um launin: Skv. færslum pr. 5.11 eru launagreiðslur kr. 17.470.717,- áætlun hljóðaði upp á 21.249.508,- útgönguspá er hins vegar kr. 24.880.000,- mism. á færðum launum fyrir 10 mánuði og útgönguspá eru 7.409.283,-. Eru þetta áætluð laun fyrir tvo mánuði?

Það er líka sérkennilegt að fastráðnir starfsmenn skuli ekki vera á mánaðarlaunum.

Rekstrarvörur: Vegna mikilla fjölgunar gesta ætti að vera nokkuð augljóst að meira fer af hreinlætisvörum og klór. Vegna rafmagnsbilana vegna álags hefur þurft að kalla til rafvirkja, auk þess sem tjón varð nú í haust. Allar lagnir í húsinu er upprunalegar og sífellt verið a "plástra" en ekki lagfært varanlega.

BG vikur af fundi

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu meðfylgjandi viðauka og felur forstöðumanni íþróttamiðstöðvar og sveitarstjóra, ásamt varaoddvita, að leggja sameiginlega fram viðauka vegna reksturs Íþróttamiðstöðvar 2019. Samþykkt samhljóða.

BG tekur aftur við stjórn fundarins. BS vikur af fundi

34. Endurskoðun ráðningarsamnings sveitarstjóra - 1911613

Málinu er frestað og vísað til vinnufundar sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða

BS tekur aftur sæti á fundinum

35. Upplýsingagiöf sveitarstjóra - 1902453

Fundir og viðburðir

*Fundur um málefni Pollsins
Opnun Arctic Fish í Norður botni
Heimsókn í Vindheima hjá eldri borgurum
Haustþing Fjórðungssambandsins á Hólmavík
Vinnufundir vegna fjárhagsáætlunar
Almannavarnarráð
Siglingaráð, Sjávarútvegsstefnan og skipulagsdagurinn*

*Verkefni frá síðasta fundi sem eru enn í vinnslu.
? Auglýsa Bugatún grunn, Brekku og Valhöll.
o Ýmsar þreifingar í gangi
o Komin tillaga að fóstursamningi vegna Brekku
? Vinna húsnæðisstefnu fyrir sveitarfélagið.
? Vinna í persónuverndarmálum
? Lagfæringar og hreinsun í Hrafnadal
? Ath. umferðarmerki*

*Ný verkefni framundan:
Vinna með samþykkt stofnframlags
Frágangur og meðferð fjárhagsáætlunar
Annað
Mikil vinna hefur farið í undirbúning fjárhagsáætlunar og gerð þokkalega áreiðanlegrar útgönguspár.
? Aðalskipulagsvinna
? Framtíðin*

Lausafjárstaða: 18.648.765

Óleyst mál í málakerfi:

*11/4 = 856
08/5 = 768
27/6 = 809
15/8 = 793
12/9 = 773
10/10 = 770
14/11 = 797*

36. Tilkynning um aflúsun - 1910525

Kynnt eru áform Arnarlax um notkun Slice aflúsunarfóðurs í eldisstöð þeirra í laugardal í Tálknafirði.

37. Til upplýsinga frá Arctic Fish - 1910494

Kynnt er ákvörðun Arctic fish um notkun Slice lyfjablöndu í fóðri fyrirtækisins í kvíum í Tálknafirði.

38. Aðild að RS Raforku - 1905185

Lagt er fram til kynningar upplýsingar um útboð Ríkiskaupa á raforku, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð og Ísafjarðarbær taka í sameiningu þátt í útboðinu.

39. Norræna lýðheilsuráðstefnan 2020 verður haldin í Hörpu 23-25 júní - 1910447

40. Heilbrigðisþing 15. nóvember 2019 - 1910477

41. Heimsókn frá starfsmönnum ANR 1. október nk. - 1909289

42. Styrkur Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði 2020 - 1910444

Sveitarstjórn felur vefstjóra að auglýsa á heimasíðu Tálknafjarðar

43. Styrkir í tengslum við innviðauppbýggingu - 1910389

44. Byggðakvóti 2019-2020 - 1910550

Tálknafjarðarhreppur hefur sent inn umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2019-2020. Samþykkt samhljóða.

45. Byggðakvóti erindi vegna byggðakvóta í Tálknafjarðarhreppi - 1910415

Kynnt er erindi Þóhalls Helga Ólafssonar vegna vinnsluskyldu byggðakvóta. Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið og verður það tekið til skoðunar. Samþykkt samhljóða

46. Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 1382011 (íbúakosningar um einstök mál) - 1910449

47. Sameiningar sveitarfélaga ósk um samtal - 1910483

48. Átak Virkjum hæfileikanna - 1910500

49. Til umsagnar frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) - 1910436

50. Áreiðanleikakönnun viðskiptamanna LS - 1910481

Sveitarstjóra falið að safna viðkomandi gögnum saman. Samþykkt samhljóða

51. Ágóðahlutagreiðsla 2019 - 1910392

52. Til umsagnar tillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019?2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019?2023. - 1910412

53. Ráðstefna Strandbúnaður 2020, Grand Hótel Reykjavík 19.-20. mars - 1910475

54. **Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa - 1910429**
55. **Aðalfundur boð á aðalfund Landsbyggðin lífi - 1910365**
56. **Skipulagsdagurinn 2019 - 1910471**
57. **Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum., 41. mál. - 1910383**
58. **Til umsagnar frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga) - 1910441**
59. **Upplýsingar varðandi skráningu lögheimilis á áfangaheimili - 1910451**
60. **Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 35. mál. - 1910387**
61. **Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. - 1910396**
62. **Ný þjóðhagsspá og forsendur fjárhagsáætlana - 1911588**
63. **Umhverfis- og samgöngunefnd Til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 1382011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn) - 1911592**
64. **Til umsagnar frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými) - 1911600**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)